

**641. fundur haldinn mánudaginn 7. október 2002 kl. 11:00  
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

**Mætt:**

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður  
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður  
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF  
Hrönn Greipsdóttir, fulltrúi SAF  
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands  
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga  
Magnús Oddsson, ferðamálastjór

**1. Fundargerð 640. fundar**

**Afgreiðsla:** Samþykkt

**2. Rekstrarvandi gististaða á landsbyggðinni**

Á fundinn kom Vilhjálmur Baldursson frá Byggðastofnun. Fór hann yfir stöðu gististaða í heild gangavart Byggðastofnun sem lánveitanda. Spunnust miklar umræður um erindi Vilhjálms. Samþykkt var að boða til fundar um málefnið með fulltrúa SAF og samgönguráðuneytis auk Vilhjálms.

**3. Aðgerðaráætlun í menningartengdri ferðaþjónustu**

Ferðamálaráð hefur fengið umrædda aðgerðaráætlun til umsagnar frá samgönguráðuneyti. Á fundinn mætti Júlíus Hafstein höfundur aðgerðaráætlunarinnar. Ráðsmenn leituðu skýringa á nokkrum atriðum. Að því loknu voru unnin drög að umsögn sem send verður samgönguráðuneyti.

**4. Frumvarp til fjárlaga 2003**

Ferðamálastjóri lagði fram til kynningar upplýsingar varðandi ferðamál almennt og Ferðamálaráð úr frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 12:50